



Aðalfundur

Icelandair group



Aðalfundur Icelandair Group hf. verður haldinn rafrænt fimmtudaginn 9. mars 2023.

Streymt verður frá Hilton Reykjavík Nordica og hefst fundurinn kl. 16:00.

Hluthafar sem hyggjast taka þátt í aðalfundinum skulu skrá sig með að lágmarki 3 daga fyrirvara fyrir fundinn. Skráning á fundinn fer fram á www.icelandairgroup.com.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
5. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar um skipan stjórnar.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Breytingar á samþykktum félagsins.
10. Heimild til kaupa á eigin bréfum.
11. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. í síðasta lagi kl. 16 mánudaginn 27. febrúar 2023. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér hvernig þeir skuli bera sig að á aðalfundarvef félagsins www.icelandairgroup.com þar sem finna má leiðbeiningar um skráningu atkvæða, form skjala og upplýsingar um hvernig þeim skuli skilað til félagsins. Allar kosningar og umræður fara þó fram rafrænt.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu á boðunardegi sem og allar aðrar tillögur, eru hluthöfum tiltæk á aðalfundarsíðu félagsins www.icelandairgroup.com.

Hluthöfum er bent á að skv. samþykktum félagsins skal tilkynna skriflega, minnst sjö dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Skal framboðstillkynningum skilað til stjórnar í síðasta lagi fimmtudaginn 2. mars 2023 kl. 16:00. Það sama gildir um framboð í tilnefningarnefnd. Hægt er að senda inn framboð á netfangið compliance@icelandairgroup.com.

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins tveimur vikum fyrir fundinn, fimmtudaginn 23. febrúar 2023 kl. 16:00. Komi tillögur frá hluthöfum á tímabilinu 23. febrúar 2023 til 2. mars 2023 þá verða uppfærðar tillögur og dagskrá birtar að lágmarki þremur dögum fyrir fund.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.icelandairgroup.com.

Stjórn Icelandair Group hf.

Frekari upplýsingar:

Ari Guðjónsson, yfirlögfræðingur
ari@icelandair.is